

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 112. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 29 28. apríl 1966, um breytingu á þeim lögum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. nóvember 1966.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

**AUGLÝSING**

**um umferð í Reykjavík.**

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

1. Einstefnuakstur á Barmahlíð, Mávahlíð, Drápuhlíð og Blönduhlíð til austurs frá Lönguhlíð að Stakkahlíð.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar að sunnanverðu við framangreindar götur, en leyfðar að norðanverðu á skásettum bifreiðastæðum.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á Vitastíg frá Skúlagötu að Hverfisgötu, austanmegin götunnar.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. desember 1966.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

**TILKYNNING**

**um söluskattsskírteini.**

Ákveðið hefur verið, að heimildarskírteini samkv. 11. gr. söluskattslaga nr. 10/1960, sem skattstjórar hafa gefið út og framlengd hafa verið, skuli einnig gilda á árinu 1967, án sérstakrar endurnýjunar af hálfu skattstjóra. Þetta tekur þó ekki til þess, ef fyrirtæki ber að tilkynna um breytingu á starfsháttum eða heimilisfangi sbr. 11. gr. nefndra laga.

*Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1966.*

F. h. r.

**Guðlaugur Þorvaldsson.**

*Ólafur Stefánsson.*